UNGMENNASAMBAND
KJALARNESÞINGS

50. Sambandsþing

# ÞINGGERÐ

# 1972

# UNGMENNASAMBAND KJALARNESÞINGS

50. ársþing UMSK.

18. - 19. nóvember 1972.

Dagskrá.

| | |
|---|---|
| Laugardagur: | |
| 13.30 | Þingsetning. |
| 13.40 | Kosnir starfsmenn þingsins. |
| | a) 1. og 2. þingforseti |
| | b) kjörbréfanefnd |
| | c) 1. og 2. þingritari |
| | d) kjörnefnd. |
| 13.50 | Álit kjörbréfanefndar og kynning þingfulltrúa. |
| 14.00 | Skýrsla stjórar og reikningar. |
| 15.00 | Skipað í starfshópa. |
| 15.10 | Kaffi hlé. |
| | a) starfshópar vinna |
| | b) drukkið kaffi |
| | c) kjörnefnd skipi í nefndir. |
| 16.10 | Nefndir kynntar. |
| 16.15 | Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórar og reikninga. |
| 17.15 | Mál til nefnda. |
| 17.30 | Fundi frestað. |
| 18.00 | Kvöldverðarboð. |
| 20.30 | Kvöldverði lokið. |
| 21.00 | Kvöldfagnaður. |
| Sunnudagur: | |
| 10.00 | Nefndir starfa. |
| 11.30 | Hádegisverður. |
| 13.00 | Félagsstarf (gestir og þingfulltrúar). |
| 13.30 | Mál frá nefndum. |
| 15.00 | Kaffi og verðlaunaveitingar. |
| 16.00 | Kosningar. |
| 16.30 | Önnur mál. |
| | Þingslit. |

# 50. ársþing U.M.S.K. 18. - 19. nóvember 1972.

13.30 Þingsetning.

50. ársþing U.M.S.K. var haldið í Félagsheimili Seltjarnarn., dagana 18. og 19. nóvember 1972. Íþróttafélagið Grótta á Seltjarnarnesi sá um þingið.

Sigurður Skarphéðinsson formaður setti þingið með stuttu ávarpi og bauð gesti og þingfulltrúa velkomna.

Gestir þingsins voru:

| | |
|---|---|
| Hafsteinn Þorvaldsson | formaður U.M.F.Í. |
| Þorsteinn Einarsson | íþróttafulltrúi ríkisins. |
| Gunnlaugur Briem | fulltrúi Í.S.Í. |
| Sigurður Magnússon | ritstjóri Íþróttablaðsins. |

Þingfulltrúar utan af landi er voru gestir þingsins, voru þessir:

| | |
|---|---|
| Finnur Ingólfsson | U.S.V.S. |
| Karl Rafnsson | U.S.Ú. |
| Gunnar Árnason | U.N.Þ. |
| Jóhannes Sigmundsson | H.S.K. |
| Garðar Óskarsson | U.M.F. Skipaskaga. |

Sjá þingskjal no. 1.

13.40 Kosnir starfsmenn þingsins.

| | |
|---|---|
| 1. þingforseti | Sigurður Geirdal |
| 2. " | Stefán Ágústsson |
| 1. þingritari | Ingvi Guðmundsson |
| 2. " | Páll Ól. Pálsson |

Sjá þingskjal no. 2.

Kjörbréfanefnd:

Pálmi Gíslason
Páll Ól. Pálsson
Páll Aðalsteinsson

Sjá þingskjal no. 3.

Kjörnefnd.

Sjá þingskjal no. 4.

13.50 Álit kjörbréfanefndar og kynning þingfulltrúa.

Athuguð voru kjörbréf og því næst lesnir upp þingfulltrúar og kynntir og risu þeir úr sætum við nafnakall.

Kjörbréf sjá þingskjal no. 5.

14.00 <u>Skýrsla stjórnar og reikningar.</u>

Skýrsla stjórnar var lesin af eftirfarandi stjórnarmönnum:

1. Sigurði Skarphéðinssyni
2. Steinari Lúðvíkssyni
3. Jónasi Jóhannssyni
4. Margréti Bjarnadóttur
5. Guðmundi Gíslasyni

Sigurður Skarphéðinsson fjallaði um greinar no. 1,2,3,4,5, 6,16,17,19,20,22,25,26,27.
Steinar Lúðvíksson fjallaði um greinar no. 9 og 18.
Jónas Jóhannsson fjallaði um greinar no. 11,12 og 13.
Margrét Bjarnadóttir fjallaði um greinar no. 21,23 og 24.
Guðmundur Gíslason fjallaði um greinar no. 7,8,10,15,28,29 og reikninga.

15.00 <u>Skipað í starfshópa.</u>

15.10. <u>Kaffi hlé.</u>

a) <u>starfshópar vinna.</u>

Þingfulltrúar settust að kaffiborðum og voru borð númeruð frá 1 - 6. Síðan var ársskýrsla tekin fyrir af umræðuhópum.

b) <u>Drukkið kaffi.</u>

Ársskýrslan var rædd og ýmis álit samin um skýrsluna af þingfulltrúum.

c) <u>Kjörnefnd skipar í nefndir.</u>

Kjörnefnd bar upp tillögur um skipan þingfulltrúa í nefndir.

16.10 <u>Nefndir kynntar.</u>

Nefndir voru skipaðar af kjörnefnd og þeim raðað á málefnaflokka á eftirfarandi hátt:

Sjá þingskjal no. 6.

16.15 <u>Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.</u>

<u>Umræðuhópur á borði no. 6 Jón M. Guðmundsson hafði framsögu.</u>

Þingfulltrúum er efst í huga sá góði árangur sem Ungmennasamband Kjalarnesþings hefur náð, og fögnum við því öll, sérstaklega er það mikill áfangi að hafa ráðið framkvæmdastjóra allt árið á launum og er það vissulega tímabært. Þá ræddum við, á mínu borði einnig um Ungmennabúðir að Varmá og viljum við sérstaklega taka fram að við vonum að okkur beri gæfa til að halda Ungmennabúðunum að Varmá áfram.

Við skulum vera minnug þess að "heilbrigð sál í hraustum líkama" er stórt hugtak og reyna að virkja unga fólkið eftir því.

Þá gat Jón þess að Sigurjón Pétursson Álafossi hefði fyrstur manna hafið íþróttanámskeið í Mosfellssveit fyrir mörgun árum og ætti hann þakkir skilið fyrir hans framtak.

Þá fullyrti Jón að hans heimamenn vildu styðja Sumarbúðir að Varmá áfram og þeir fagni þeim árangri sem hefði náðst þar.

Umræðuhópur á borði no. 5. Ragnhildur Gísladóttir hafði framsögu.

Við þingfulltrúar við borð no. 5 erum sammála um að lýsa ánægju okkar yfir þeim árangri sem stjórn U.M.S.K. hefur náð, til dæmis með ráðningu framkvæmdastjóra allt árið og því framtaki að koma á Íþróttamiðstöð að Varmá í Mosfellssveit.

Þá líkar okkur vel hugmyndir um starfsíþróttir sem ræddar voru hjá okkur, en getið er um þær í ársskýrslu og teljum við að þær eigi fullan rétt á sér.

Einnig viljum við lýsa ánægju okkar með þá ákvörðum U.M.S.K. að bjóða fulltrúum frá öllum héraðssambändum til þingsins og alla framkvæmd á því.

Umræðuhópur á borði no. 4. Jóhannes Sigmundsson hafði framsögu.

Þingfulltrúar við borð 4 vilja láta í ljós ánægju sína með það rausnarlega boð stjórnar U.M.S.K. að bjóða fulltrúum frá héraðssamböndum utan af landi til þingsins.

Þá var einnig rætt um ársskýrsluna og hve hún væri ítarleg og vel úr garði gerð.

Umræður urðu einnig um þann áfanga að hafa fastráðinn framkvæmdastjóra allt árið og gat Jóhannes þess að U.M.S.K. væri fyrsta sambandið sem kæmi þessu á. Því næst brá Jóhannes á léttara hjal og gerði athugasamdir, en þær voru:

Prentvillur eru á bls. 2. Þar er getið um landbræðslu en á trúlega að vera landgræðslu og á bls. 20, en þar stendur að Dönum hafi verið ekið í bílum en orðið Danir hafðir þar með litlum staf.

Þá nefndi Jóhannes þessa ágætu mynd á bls. 18 og hvað vanta texta undir hana, en myndin sýnir þær frægu persónur:

Indiru Gandi, Richard Nixon, Mao Tse Tung, Leonaid Breshnev í þeirri vinsælu nýju íþrótt borðtennis (ping pong).

Umræðuhópurinn taldi að nauðsynlegt væri að hafa fleiri en eitt mót í handknattleik eins og sú íþrótt væri vinsæl á sambandssvæðinu, og þá var þess getið að knattspyrnuleikur sem nefndur er í grein á bls. 17 hafi ekki farið fram.

Þá talaði Jóhannes um kosningu á íþróttamanni ársins og skýrði frá að í H.S.K. greiddu formenn deilda atkvæði um íþróttamanninn. Þá taldi Jóhannes að lokum að upplýsingar um aðildarfélög U.M.S.K. aftast í ársskýrslunni væru mjög jákvæðar og full ástæða til að geta þeirra, og mætti ekki minna vera en að þessar upplýsingar um félögin og störf þeirra sæu dagsins ljós.

### Umræðuhópur á borði no. 3. Hafsteinn Pálsson hafði framsögu.

Umræðuhópurinn ræddi töluvert um fjáröflunarleiðir og fjáröflunarmöguleika og að finna þyrfti fleiri hugmyndir um það mál, þar sem oft væri óvinsælt að fá sölukrakka oft og mörgum sinnum, góð hugmynd væri t.d. að gefa út auglýsingarblöð sem gæfu einhverjar tekjur og um leið fróðleik og upplýsingar.

Þá væru fulltrúarnir ánægðir með ráðningu framkvæmdastjóra í fullt starf og töldu það til mikilla hagsbóta fyrir U.M.S.K. Einnig var rætt um að taka yngri krakka til starfa og byrja að þjálfa þau í félagsstörfum sem allra fyrst.

Að lokum taldi umræðuhópurinn að endurskipuleggja þyrfti starfsíþróttir og kanna það mál gaumgæfilega, og að því máli athuguðu, hvort ekki væri möguleiki á að hafa starfsíþróttamót, þá óskuðu fulltrúarnir U.M.S.K. velfarnaðar og góðs gengis í störfum sínum.

### Umræðuhópur á borði no. 2. Hannes Alfonsson hafði framsögu.

Þingfulltrúar á borði no. 2 ræddu um afmælismót, hvernig það væri hugsað af U.M.S.K. og hvort ekki yrði fjölbreitt mót framundan viðvíkjandi 50 ára afmælinu.

Þá var vikið að málum hópíþrótta og tekin fyrir knattspyrnan og áliti þingfulltrúar að erfitt væri að ákveða með knattspyrnuleiki. Óskuðu fulltrúar þess að þingið skori á sérsambönd (K.S.Í.) að láta mótaskrá koma út í marz. Þá vildu þingfulltrúar beina því til stjórnar U.M.S.K. hvort ekki væri möguleiki á að koma á félagsmálanámskeiðum sem víðast innan sambandsins þar sem þau hafi mjög þroskandi áhrif á yngri sem eldri félaga innan U.M.S.K.

Þá vildu fulltrúar við borð no. 2 þakka formanni, framkvæmdastjóra og stjórn U.M.S.K. vel unnin störf.

### Umræðuhópur á borði no. 1. Sveinbjörn Guðmundsson hafði framsögu.

Við þingfulltrúar við borð no. 1 höfum farið vel í gegnum ársskýrslu og rætt um atriði sem gjarnan mætti athuga. Við heildarathugun á hinum ýmsu mótum kemur í ljós að yfirleitt vantar öll úrslit, í frjálsíþrótta og knattspyrnumótum og einnig handknattleiksmóti. Þá litum við yfir mætingartöflu stjórnar U.M.S.K. og komumst að raun um að þar eru menn sem slæglega hafa mætt á fundum og teljum við það ekki nógu gott. Nauðsynlegt er að halda slíka mætingatöflu áfram svo hægt sé að fylgjast með áhuga stjórnarfulltrúa félaganna í sambandinu.

Þá teljum við þingfulltrúarnir að gjarnan mætti vera meira um samfundi og skemmtanir meðal félaga sambandsins en verið hefur.

Einnig viljum við fá upplýsingar um laun kennara við Ungmennabúðir að Varmá, en á bls. 30 fyrsta lið eru laun kennara nefnd.

Þá komum við að því stóra máli 50 ára afmælinu, við þingfulltrúar allir við borð no. 1 viljum hvetja U.M.S.K. til að halda afmælishátíð og íþróttamót að Varmá næsta sumar. Í tengslum við afmælismótið ræddum við um sögu U.M.S.K. og að lögð verði áhersla á meiri gagnasöfnun þar af lútandi.

Þá hvetja fulltrúar stjórn U.M.S.K. að beita sér fyrir fleiri mótum í bridge og skák og að reynt verði að auglýsa þau betur á einhvern hátt en verið hefur.

Þá kom fram fyrirspurn um hvenær skákmótinu sem rætt er um á bls. 13 í ársskýrslunni verði lokið. Þá var enn komið inn á atriðið um mótin og að vöntun sé á úrslitum og að ekki sé getið um framkvæmdaaðila móta né hvenær leikir í knattspyrnu hafi farið fram.

Fulltrúar ræddu einnig um kjör íþróttamanns ársins og að endurskipuleggja þyrfti aðferðina við kosningu hans. Þá var einnig rætt um afmælisrit U.M.S.K. og þar sem Sveinbjörn er tengdur því máli upplýsti hann að erfitt væri að fá prentað núna sökum anna hjá prentsmiðjum og gæti því útkoma ritsins dregist eitthvað sökum þess.

Að lokum þakkaði Sveinbjörn stjórn U.M.S.K. fyrir frábært starf og sagði að þetta hefðu orðið fleiri orð en upphaflega hefði verið reiknað með.

<u>Ingvi Guðmundsson formaður Stjörnunnar fær orðið.</u>

Ég vil byrja á því góðir fundarmenn að vísa á bls. 35 í ársskýrslunni, þar sem réttilega er eftir mér haft eitt nafn, nafn Ragnhildar Pálsdóttur og því næst vil ég biðja ykkur um að fletta upp á bls. 18 þar sem skrifað stendur í 5. línu að neðan <u>ber þar ef til vill</u> hæst árangur Ragnhildar. Ef hún er ekki nema <u>ef til vill</u> bezt í Stjörnunni hvar er hún þá í röðinni hjá U.M.S.K., hvaða afstöðu tekur sambandið til hennar? Í sömu grein á bls. 18 er getið um einn stórbættann árangur hjá Arndísi Björnsdóttur í spjótkasti nýtt ísl. met 39.60 m., hún átti einnig fyrra metið og er bæting hennar samkvæmt stigatöflu 16 stig, en bæting Ragnhildar í 800 m. hlaupi samkvæmt stigatöflu eru 71 stig. Ég vil gagnrýna stjórnina fyrir að athuga ekki svona hluti. Þá má geta þess hér til gamans að Ragnhildur hefur sett,

11 ísl. met utanhúss
2 - - innanhúss
2 - - í boðhlaupum
1 - - í boðhlaups landssveit

einnig hefur hún unnið öll Víðavangshlaup sem hún hefur tekið þátt í.

Þá vil ég geta þess að hún er yngsti Garpurinn á Íslandi, en hún vann til Garpsmerkis F.R.Í. í fyrra þá aðeins 13 ára gömul.

Vafalaust eru þessi mistök í fréttaflutningi tilkomin vegna áróðurs og þrýstings frá frjálsíþróttadeild Breiðabliks. Það má því líkja þessi máli við stóra bangsann sem treður á litla bangsanum, eða með öðrum orðum, afstaða stóru félaganna gagnvart þeim litlu.

Ég vil því næst minnast á enn eitt atriði á bls. 18 en það er "þó nokkur mót voru haldin og árangur þokkalegur", ég veit um aðeins tvö mót, en það voru Héraðsmót U.M.S.K. sem alls ekki kom góður árangur út úr vegna óhagsstæðs veðurs og fárra keppenda og svo B-mót U.M.S.K. en B-mót er þess eðlis að árangur getur ekki orðið mjög góður, þar sem íþróttafólk getur ekki keppt í sínum beztu greinum, þar eð áður fenginn árangur má ekki hafa farið yfir vissan stigafjölda.

<u>Sigurður Skarphéðinsson formaður U.M.S.K. fær orðið.</u>

Ég vil nú svara nokkrum orðum og útskýra nokkur atriði sem komið hafa fram hjá umræðuhópunum. Þá ber fyrst að geta þess að ekki vannst tími til að gefa út meta og afrekaskrá U.M.S.K. En strax og unnt verður mun þeirri skrá dreift til viðkomandi aðila, og liggur þá fyrir allur árangur á prenti.

Því næst vil ég geta þess í sambandi við sögu U.M.S.K., að við erum nú þegar byrjaðir að safna öllum þeim gögnum sem mögulegt er að ná til bæði munnlegum og skriflegum og fengum við nú fyrir stuttu í hendurnar gömul bréf sem segja sína sögu.

Í sambandi við handknattleiksmót vil ég geta þess að í athugun er að fjölga mótum í þessari vinsælu íþróttagrein og mun það skýrast betur síðar. Félagsmálanámskeið verða haldin víða og var kennaranámskeið haldið nú nýlega að Leirá í Borgarfirði og munu þeir fulltrúar sem þar voru reyna að leiðbeina og koma námskeiðum af stað innan aðildarfélaganna. Veit ég að búið er að hafa slíkt námskeið hjá Afturelding u í Mosfellssveit og reyndist það vel og einnig held ég að Stjarnan í Garðahreppi hafi sótt um að fá haldið félagsmálanámskeið og fleiri aðildarfélög.

Þá vil ég benda öllum félagsstjórnum innan U.M.S.K. á að færa vel og skilmerkilega fundargerðarbækur, þar sem þær eru öllum félögum heimildarrit og því mikið atriði að til þeirra sé vandað.

Þá harma ég að Ársskýrsla kom seint út, en oft er erfitt að ná saman öllum gögnum innan viss tíma. Þá mun gjaldkeri skýra nánar frá reikningum og launum kennara.

Guðmundur Gíslason framkvæmdastjóri U.M.S.K. fær orðið.

Þar sem ég skrifa grein um frjálsar íþróttir á bls. 18 ber mér að svara fyrir hana, ég vil taka það skýrt fram að viðkomandi grein er alls ekki illa meint gagnvart Ragnhildi Pálsdóttur og þau atkvæði sem hún fær í ársskýrslu við kjör Íþróttamanns ársins gefa ekki rétta hugmynd, þar sem hún hafði ekki gefið kost á sér til kjörs, og hefði hún því vafalaust fengið miklu fleiri atkvæði ef hún hefði verið í kjöri.

Þar sem möguleiki er á að misskilja orð mín á bls. 18 og ég hefði getað orðað þetta öðruvísi í greininni en ef til vill. Bið ég Ragnhildi Pálsdóttur afsökunar og einnig aðstandendur hennar.

Þá vil ég geta þess að þar sem kjörbréf og skýrslur áttu að berast okkur fyrir 5. nóvember en það drógst langt fram yfir þann tíma orsakaði það töf á að koma ársskýrslu tímanlega út.

Varðandi fyrirspurn um laun kennara við Íþróttamiðstöðina að Varmá vil ég gefa þær upplýsingar að kennarar voru tveir að staðaldri Júlíus Arnarson og Helga Jensdóttir og skiptust laun niður á þau og aðstoðarstúlku sem var í þeirra forföllum.

Jóhannes Sigmundsson H.S.K. fær orðið.

Ég vildi aðeins með nokkrum orðum skýra frá því að á Héraðsþingi Skarphéðins nú í haust voru kannaðir möguleikar á framkvæmd spurningarkeppni, var þetta reynt og tókst mjög vel, þannig að flutt var tillaga á þingi H.S.K. um að fá U.M.S.K. eða Borgfirðinga til spurningakeppni við H.S.K. Þetta gæti einnig orðið einhver tekjustofn og möguleiki væri að hafa keppnina heima og að heiman.

Ég tók með mér ársskýrslur H.S.K. ef þingfulltrúar vildu líta á þær.

Sigurður Geirdal þingforseti bar upp reikninga sambandsins.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Eignareikningur | bls. | 25 | í ársskýrslu |
| Rekstrarreikningur U.M.S.K. | - | 26-27 | - |
| Efnahagsreikningur | - | 28-29 | - |
| Rekstrarreikningur Íþróttamiðst. Varmá | - | 30-31 | - |
| Eigna og Skuldareikningur | - | 30-31 | - |

Reikningar þessir voru allir samþykktir.

17.15 Mál til nefnda.

Sigurður Geirdal þingforseti tók fyrir þau mál sem fyrir þinginu lágu og kallaði upp nefndir og þingfulltrúa sem sæti áttu í þeim. Var Sigurður sérlega laginn við að láta málin ganga fljótt, þó var aldrei skorinn niður ræðutími en allt lá ljóst fyrir frá hans hendi.

Sjá þingskjal no. 7.

17.30 Fundi frestað.

Afmælishóf U.M.S.K. 18. nóvember 1972.

Klukkan 7 e.h. bauð formaður gesti velkomna og bað Jón M. Guðmundsson að taka við stjórn hófsins.

Formaður flutti ágrip af sögu U.M.S.K. og veitti að því loknu fyrrverandi formönnum U.M.S.K. viðurkenningu fyrir vel unnin störf fyrir sambandið. Það voru þeir Guðbjörn Guðmundsson, Skúli Þorsteinsson, Ólafur Þorsteinsson (ekki mættur), Páll S. Pálsson (ekki mættur), Axel Jónsson, Ármann Pétursson, Páll Ólafsson, Haukur Hannesson, Úlfar Ármannsson, Gestur Guðmundsson, Ingólfur Ingólfsson (ekki mættur) og Pétur Þorsteinsson. Guðbirni var veitt heiðurskjal þar sem stjórnin hafði kosið að gera hann að fyrsta heiðursformanni U.M.S.K.

Einnig hlutu viðurkenningar fyrir vel unnin störf þeir Lárus Halldórsson (ekki mættur) og Ólafur Ág. Ólafsson en þeir hafa verið endurskoðendur sambandsins lengi og unnið mikið fyrir sambandið og fél. Aftureldingu og Dreng. Einnig þeir Grímur Norðdahl og Ólafur Þórðarson fyrir mikil störf í þágu U.M.S.K. og sinna félaga.

Þessir fluttu kveðjur og árnaðaróskir og færðu gjafir: Gísli Halldórsson forseti Í.S.Í. gaf gullskeifu Í.S.Í. Hafsteinn Þorvaldsson gaf keramikvasa, einnig heiðraði Hafsteinn Skúla Þorsteinsson með æðsta heiðursmerki U.M.F.Í. og þá Jón M. Guðmundsson og Sigurð Skarphéðinsson með starfsmerki U.M.F.Í. Gísli heiðraði þá Gest Guðmundsson og Ólaf Þórðarson með gullmerki Í.S.Í. Garðar Sigurgeirsson sveitarstjóri Garðahrepps gaf kr. 30,000.oo frá Seltj.hr., Garðahreppi og Bessastaðahreppi. Sigurður Gr. Guðmundsson gaf 50,000.oo frá Kópavogi. Jón Guðmundsson gaf 25,000.oo frá Mosfellshrepp til ungmennabúða. Páll Ólafsson gaf kr. 10,000.oo frá Kjalarneshr., Hreiðar Grímsson gaf kr. 25,000.oo frá Kjósahrepp sem ráðstafast í samráði við Dreng. Ingvi Guðmundsson færði f.h. fél. U.M.S.K. ritvél að gjöf og flutti samb. kvæði. Skúli Þorsteinsson flutti þakkar ávarp einnig Guðbjörn Guðmundsson og Ólafur Ág. Ólafsson.

Einnig voru mættir þeir Einar Halldórsson fulltr. sýslumanns Gullbringus. og Oddur Ólafsson alþingismaður fulltr. Kjósasýslu. Einnig mættu fulltrúar sveitarstjórna á sambandssvæðinu þar á meðal Kristinn Michelson frá Seltj.neshr. og þeir sem áður er getið.

Sveinn Jónsson form. U.M.S.E., Jóhannes Sæmundsson form. H.S.K. Garðar Óskarsson form. Umf. Skipaskaga færðu þeir fána síns sambands en Garðar gaf gestabók og platta.

Að borðhaldi loknu og undir borðum voru fluttir leikþættir og annað skemmtiefni sem fél. höfðu undirbúið.

Að borðhaldi loknu var stiginn dans til kl. 01 e.m. lék Tríó Gissurar Geirssonar frá Selfossi.

---- Úr ræðu Sigurðar Skarphéðinssonar. ----

Lárus Halldórsson og Ólafur Ág. Ólafsson.

Auk þess að hafa verið endurskoðendur sambandsins í fjölda mörg ár hafa þeir starfað mjög mikið að málefnum félaganna Aftureldingar og Drengs.

Ólafur Þórðarson og Grímur S. Norðdahl Aftureldingu.

Ólafur hefur starfað mjög mikið að málefnum U.M.S.K. Var í stjórn í fjölda mörg ár auk þess að hafa starfað að málum Aftureldingar geysimikið og er nú heiðursfélagi þess. Grímur hefur staðið í baráttunni lengi. Var ritari í sambandsstjórninni í fjölda mörg ár. Auk þess að hafa barist fyrir málefnum Aftureldingar allt frá barnæsku þá starfaði hann fyrir Umf. Reykjavíkur eftir að hann flutti í bæinn og þegar hann flutti í Kópavoginn gerðist hann einn af stofnendum Breiðabliks og var fyrsti formaður þess. Í Mosfellssveitina flutti hann aftur og starfar fyrir Aftureldingu á nýjan leik.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Pétur Þorsteinsson | formaður | 1969-70 | |
| Ingólfur Ingólfsson | - | 1968-69 | |
| Gestur Guðmundsson | - | 1967-68 | |
| Úlfar Ármannsson | - | 1965-66 | |
| Haukur Hannesson | - | 1963-64 | |
| Páll Ólafsson | - | 1958-63 | |
| Ármann Pétursson | - | 1955-58 | |
| Axel Jónsson | - | 1951-55 | |
| Gísli Andrésson | - | 1943-51 | |
| Páll S. Pálsson | - | 1942-43 | |
| Ólafur Þorsteinsson | - | 1939-42 | |
| Skúli Þorsteinsson | - | 1935-39 | |
| Gestur Andrésson | - | 1931-35 | Dáinn |
| Arngrímur Kristjánsson | - | 1928-29 | Dáinn |
| Guðrún Björnsdóttir | - | 1927-28 | Dáin |
| Guðbjörn Guðmundsson | - | 1922-27 & 1929-31 | |

Eins og ég sagði áðan tel ég að það hafi verið lán U.M.S.K. að Guðbjörn Guðmundsson skildi verða fyrir valinu sem fyrsti formaður þess og leiða það fyrstu árin. Raunar þekki ég Guðbjörn lítið nema af afspurn, kynntist honum ekki fyrr en nú í haust. En sá sem kynnir sér starfsemi U.M.S.K. fyrstu ár þess og sögu Umf. Velvakanda, en Guðbjörn var formaður hans á sama tíma og sambandsins, hann kemst ekki hjá því að sjá hver var potturinn og pannan í öllu starfi U.M.S.K. og Velvakanda.

## Kveðja til U.M.S.K. 50. ára.

Þegar ég lít til baka þá ber mér fyrst í huga, að Ungmennafélagshreifingin hefur verið mér vinur. Enginn þarf endilega að vera öldungur, þrátt fyrir árin. Ávarp mitt til Ungmennasambands Kjalarnesþings á þessum hátíðisdegi ber því yfirskriftina:

### Ungi Vinur:

Mörg eru ár á brautu borin
bernskan liðin, en æskuþorin
enn skal verðugt vitni bera
og vísa á það sem á að gera.
Marka stefnu, merkið hefja
muna að það má hvergi tefja.
Alþjóð ætíð muna má
að merkið það er U.M.S.K.

Ungi vinur enn skal starfa
ekkert mistekst, allt til þarfa.
Ekki skal í bóli blunda
betur vinna, ekki dunda.
Allt skal starfið um það vitna
ekkert hangsa, betur svitna.
Ungi vinur þó ætíð skalt
þér eigna heitið "Íslandi Allt".

Ingvi Guðmundsson.

## Sunnudagur 19. nóvember.

10.00 Nefndir starfa.

Þingfulltrúar mættu til þinghalds á sunnudagsmorgni og fór hver fulltrúi í sína nefnd og tóku þær allar til starfa, voru tillögur síðan ræddar fram að hádegi. Mæting var léleg í upphafi.

Sjá þingskjal no. 8.

11.30 Hádegisverður.

Boðið var til hádegisverðar af Sveitarstjórn Seltjarnarneshrepps og var hann bæði smekkgóður og kjarngóður, enda veitti þingfulltrúum ekki af að auka krafta sína til framhalds þingstörfum.

Sigurður Geirdal, 1. þingforseti þakkaði góðar og sérlega myndarlegar veitingar í glæstum húsakynnum en Sveitarstjóri Sigurgeir Sigurðsson bauð öllum að verð að góðu þessar veitingar. Þá bauð hann þingfulltrúum að verða fyrstum til að skoða nýja hitaveitu Seltjarnarnesshrepps og var farið að dælustöðinni. Þar kom meðal annars í ljós að vatnið verður að kæla áður en því er dælt inn á kerfið. Þetta var æði nýstárleg skoðunarferð fyrir flesta þingfulltrúa.

13.00 Félagsstarf.

Sigurður Geirdal þingforseti gaf þingfulltrúum orðið en þar sem enginn var tilbúinn var næsti liður á dagskrá tekinn fyrir.

13.30 Mál frá nefndum.

Stefán Ágústsson tók nú við þingstjórn og stjórnaði afgreiðslu mála frá nefndum af skörungskap. Má furðu gegna hversu fljótt gekk að ljúka málum frá nefndum svo mörg sem þau voru og umræður líflegar.

Ólafur Guðmundsson flytur tillögur fyrir Laga- og Skipulagsnefnd.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Tillaga | no. | 5 | samþykkt | Sjá þingskjal no. 9 |
| - | - | 7 | - | - - 10 |
| - | - | 12 | - | - - 11 |
| - | - | 21 | samþykkt varð að vísa henni til umsagnar aðalstjórnar. | Sjá þingskjal no. 12 |
| - | - | 22 | (lagabreytingar um stjórnarkjör sjá 7 gr. þinggerðar 1971) var vísað frá vegna ónógs undirbúnings og var vísar til stjórnar. | Sjá þingskjal no. 13 |
| - | - | 21 | Pálmi Gíslason var andvígur þessari tillögu þar sem stemt sé að fækkun þingfulltrúa sem ekki megi eiga sér stað. Ingvi Guðmundsson var sammála Pálma og taldi að ekki megi fækka þingfulltrúum. | |
| - | - | 22 | Gestur Guðmundsson, Pétur Þorsteinsson, Jón Ármann Héðinsson og Pálmi Gíslason telja allir að lagabreytingin sé of sein á ferðinni, hefði átt að vera komin 15 dögum fyrir þing eða í þingbyrjum í síðasta lagi. Þeir voru þó allir hlynntir þeirri breytingu sem stjórn og laganefnd bentu á, þannig að aðalstjórn yrði starfshæfari og gæti skipt betur | |

með sér verkum. Var samþykkt að þessi tillaga skyldi betur undirbúin og kæmi því fyrir næsta þing. Frávísunartillaga fyrnefndra manna var því samþykkt.

Aukatillaga kom frá Margréti Bjarnadóttur, Þorsteini M. Gunnarssyni og Ólafi Guðmunddsyni um að U.M.S.K. léti gera jólakort og andvirði af sölu þess rynni í Landhelgissjóð, en tillagan var felld með þorra atkvæða.

Sjá þingskjal no. 14.

Hafsteinn Pálsson kom því næst með tillögu um að U.M.S.K. gæfi út jólakort og platta í fjáröflunarskyni fyrir sambandið og studdi Sigurður Skjaphéðinsson þá tillögu og var hún samþykkt.

Sjá þingskjal no. 15.

Páll Aðalsteinsson flytur tillögur fyrir Fjárhagsnefnd.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Tillaga | no. | 11 | samþykkt | Sjá þingskjal | no. | 16 |
| - | - | 14 | - | - | - | 17 |
| - | - | 16 | - | - | - | 18 |

Tillaga kom um að styrkja landhelgissjóð með 5,000.oo kr framlagi en Hafsteinn Pálsson var andvígur því og taldi að margir væru þegar búnir að gefa í þennan sjóð, en benti jafnframt á að nær mundi vera að beina þessum peningum til íþróttamála lamaðra og fatlaðra, ef endilega þyrfti að gefa eitthvað.

Sjá þingskjal no. 21 (Felld 12:19)

Aukatillaga. 50. þing U.M.S.K. þakkar veittan fjárstyrk og var tillagan samþykkt einróma.

Sjá þingskjal no. 19.

Aukatillaga. 50. þing U.M.S.K. samþykkir ráðningu framkvæmdastjóra allt árið, var tillagan samþykkt einróma.

Sjá þingskjal no. 20.

Fjárhagsáætlun skýrð og samþykkt.

Sjá þingskjal no. 22.

Gestur Guðmundsson flytur tillögur fyrir Félagsmálanefnd.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Tillaga | no. | 2 | samþykkt | Sjá þingskjal | no. | 23 |
| - | - | 4 | - | - | - | 24 |
| - | - | 8 | - gegn 2 atkv. | - | - | 25 |
| - | - | 19 | - | - | - | 26 |

Tillaga um meiri kynningu milli aðildarfélaga á sambandssvæðinu, svo fundarhöld, skemmtanir, og skemmtiferðir var samþykkt einróma.
Sjá þingskjal no. 27.

Tillaga um að koma á alhliða dómarafélagi á sambandssvæðinu hið fyrsta var samþykkt einróma.
Sjá þingskjal no. 28.

Níels Hermannsson telur óæskilegt að fara með tillögu no. 8 inn í skólana, hann telur að það eigi að höfða til unglinganna sem einstaklinga en ekki sem nemenda.
Sjá þingskjal no. 25.

Eysteinn Haraldsson minntist á knattspyrnukeppni milli skóla og gagnrýndi K.S.Í. fyrir framkvæmd þessara skólakeppna og taldi það víti til varnaðar og U.M.S.K. mætti ekki falla í þá gryfju að lána aðeins nafn sitt en koma svo hvergi nálægt mótunum.
Tillaga no. 6 frá Íþróttanefnd.

Hafsteinn Pálsson kom með fyrirspurn um spurningakeppni milli H.S.K. og U.M.S.K.

Garðar Óskarsson taldi rétt að leita inn í skólana með kynningu á hinum ýmsu málefnum, því þar væri unga fólkið helst að finna og málum bezt komið á framfæri. Nefndi Garðar að á Akranesi hefði verið komið á keppni í skólum og hafi það reynst viðkomandi aðilum mjög vel.

Tillaga frá Ingva Guðmundssyni sem hljóð þannig: 50. sambandsþing U.M.S.K. felur sambandsstjórn að koma á spurningakeppni. Var felld með 11 atkvæðum gegn 8.
Sjá þingskjal no. 29.

Pálmi Gíslason taldi að spurningakeppni væri tízkufyrirbrigði sem bæri að athuga mjög vel áður en ráðist væri í ýmsan kostnað og framkvæmdir þar af lútandi. Spurningakeppnir hefðu verið vinsælar fyrir nokkrum árum en séu það ekki lengur.

<u>Eysteinn Haraldsson flytur tillögur fyrir Allsherjarnefnd.</u>

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Tillaga no. | 1 | samþykkt - breytt | sjá þingskjöl 30 og 31 |
| - - | 6 | Allsherjarnefnd umbreytti þessari tillögu í tvær tillögur (sjá þingskjöl no. 32 og 33) sem voru samþykktar. (Einnig þingskjal 34). Síðan skrifaði Steinar Lúðvíksson undir tillögu no. 6 og var hún borin undir atkvæði og samþykkt með þorra atkvæða gegn 6. | |
| - - | 15 | Samþykkt | Sjá þingskjöl no. 35. |
| - - | 17 | - | - - 36. |
| - - | 18 | - óbreytt 19 gegn 16 | - - 37. |

Steinar Lúðvíksson telur að ekki megi sleppa orðinu formaður þar sem þar sé átt við forustumann í uppbyggingarstarfi í þjóðfélaginu. Ennfremur vill Steinar benda á að Í.S.Í. og

U.M.F.Í. verði að brýna fyrir sínu fólki ástundum og reglusemi og að formenn beiti sér aftur fyrir kynningu á því sama innan sinna félaga og sambanda.

Steinar kvað formenn vera einskonar æskulýðsfulltrúa hver á sínum stað.

Grétar Tryggvason áleit að tímabært sé að vísa vörnum við ávana- og fíkniefnum einnig til stjórnvalda.
Sjá þingskjöl no. 32, 33 og 34.

Steinar Lúðvíksson mælti með að tillaga no 18 verði samþykkt óbreytt og kvaðst ekki vilja breyta henni að neinu leyti.
Sjá þingskjal no. 37.

Eysteinn Haraldsson taldi að banna þurfi tóbaksnotkun á þingi sambandsins.

Mál frá íþróttanefnd.

Hafsteinn Pálsson flutti tillögur og álit íþróttanefndar.

a) Um merkingu gönguleiða - áður no. 3.
Sjá þingskjal no. 38. - Samþykkt.

b) Um frjálsíþróttamót - áður no. 9
Sjá þingskjal no 39. - Samþykkt.

c) Um sundkeppni.
Sjá þingskjal 40. - Samþykkt.
Steinar Lúðvíksson ræddi um sundíþróttina og hvatti önnur aðildarfélög að fara út í sundiðkun, fyrr gæti ekki verið um mót að ræða. Tillaða viðvíkjandi sundmóti var borin upp og samþykkt.
Sjá þingskjal no. 40.

d) Tillaga um áskorun á hendur K.S.Í. um að koma mótaskrá út í apríl.
Sjá þingskjal no. 41. - Samþykkt.

e) Um kosningu Íþróttamanns U.M.S.K.
Sjá þingskjal no. 42.
Tillaga um kosningu íþróttamanns ársins í U.M.S.K. sem felur í sér að kosningin yrði tvískipt. Íþróttakarl og íþróttakona, einnig ákvæði um hvernig kosið yrði.

Ólafur Guðmundsson taldi fráleitt að breyta heiti íþróttamannsins.

Steinar Lúðvíksson var andvígur því að skipta veitingunni í tvennt (karl og kona) en taldi að réttilegra væri að kjósa íþróttamann eldri kynslóðarinnar. Þá taldi Steinar að ekki lægju fyrir nógu góðar upplýsingar um það íþróttafólk er til greina kæmi.

Guðmundur Gíslason taldi fulla ástæðu til að breyta þessu kjöri en þó aðeins í yngri og eldri íþróttamann ársins, og þá mætti einnig kjósa íþróttahóp ársins og að tveir

menn og formaður hvers félags gáfu upplýsingar um íþróttafólk.
Sjá þingskjal no. 42.

Ólafur Guðmundsson kom með fyrirspurn um hvort kjósa ætti íþróttamann ársins eða afreksmann ársins.

Karl Stefánsson benti á að aðalstjórn U.M.S.K. ætti sjálf að afla sér þeirra upplýsinga sem með þyrfti til að velja íþróttamann ársins en ekki að fara eftir upplýsingum annarra.

Sigurður Skarphéðinsson kvað ekki vera kosið eftir afrekunum einum, heldur ástundun og starfi með félögunum.

Tillaga Guðmundar var samþykkt, en tillaga íþróttanefndar var felld.

f) Um víðavangshlaup skóla.
Tillaga um bæði pilta og stúlkna flokka í Víðavangshlaupi skóla á sambandssvæði U.M.S.K. var samþykkt.
Sjá þingskjal no. 43.

g) Um sumarbúðir.
Sjá þingskjal no. 44. - Samþykkt samhljóða.

h) Um fimleikanámskeið.
Sjá þingskjal no. 45. - Samþykkt samhljóða.

i) Um starfsíþróttir.
Sjá þingskjal no. 46. - Samþykkt.
Hér með er beint tillögu til U.M.F.Í. um að þeir sjái sér fært að koma á landsmóti í starfsíþróttum og starfsíþróttir í heild teknar til gagngerðra breytinga.
Sjá þingskjal no. 46. - Samþykkt.

Hannes Alfonsson ræddi vítt og breytt um starfsíþróttir og skilning á þeim.

Eysteinn Haraldsson benti á að ekki sé hægt að hafa landsmót í starfsíþróttum, geti starfsíþróttir átt á hættu að falla í gleymsku.

Hafsteinn Pálsson mælti með að haldið yrði starfsíþróttalandsmót.

j) Um knattspyrnumót.
Sjá þingskjal no. 47. - Samþykkt.
Tillaga um veglegri íþróttamót.
Sjá þingskjal no. 47.

Þorvarður Áki Eiríksson lét álit sitt í ljós varðandi veglegri íþróttamót, benti hann á að mjög f[illegible] íþróttahús séu nothæf fyrir handknattleik og séu þau því ekki á lausu enda mjög erfitt að fá inni í þeim. Vegna þessara framangreindra atriða höfum við orðið að hafa mót í hraðkeppnisformi, auk þess höfuð við verið með lánstíma í húsum, þannig að öllum ætti að vera ljóst hver aðstaðan hefur verið.

Tveir einvaldar hafa verið í handknattleik innan U.M.S.K. en þeir eru Benóný Pétursson í Gróttu og Þorvarður Áki Eiríksson í Handknattleiksfélagi Kópavogs, hafa þeir snúið sér af alefli að handknattleik enda hafa íþróttamenn verið ánægðir með mót okkar.

Þá vil ég geta þess að um 1300 manns stunda handknattleik innan U.M.S.K., en við viljum meira, við viljum glæsilegri mót, við verðum að fá fleiri dómara og við viljum gera skjaldborg um æskuna sem stundar þessa skemmtilegu íþrótt.

Stefán Ágústsson var sammála Þorvarði Áka um hversu erfitt væri að komast inn í íþróttahúsin og kvað fjölgun í handknattleik vera þetta frá 1300 - 1800 manns og að 148 flokkar fari nú í Íslandsmótið í handknattleik.

k) Um glímumót.
Sjá þingskjal no. 48. - Samþykkt.

Ingvi Guðmundsson vildi geta þess varðandi glímumót, að skortur á leiðbeinendum í þessari fögru íþrótt væri aðalorsök fárra þáttakenda, og þyrfti að koma gagngerðum breytingum þar á, Ingvi taldi einnig að Glímusamband Íslands ætti að hafa forgöngu um að koma glímumálum almennt í lag, og var hann ekki hrifinn að glíma kæmi mikið til eins og málin standa nú.

l) Um Íþróttasamband við Norðurlandsþjóðirnar.
Sjá þingskjal no. 49. - Samþykkt.

Umræður urðu um leigu á íþróttahúsnæði og tók Stefán Ágústsson skýrt fram að Grótta á Seltjarnarnesi leigði ekki sína íþróttatíma til fyrirtækja, en Jón Ármann Héðinsson hafði komið lítillega inn á það atriði. Stefán kvað það fullvíst að félög gætu fengið inni í íþróttahúsinu eins og fyrirtæki og aðrir aðilar, en eðlilega yrðu þau að greiða sömu leigu.

Ingvi Guðmundsson tók til máls og bað menn að ásaka ekki Stefán Ágústsson eða Gróttu þar sem það væri aðrir aðilar sem sæu um þessi mál t.d. húsnefnd. Við skulum í staðinn reyna að ná til allra þeirra íþróttahúsa sem möguleiki er á.

15.00 Kaffi og verðlaunaveitingar.

Þegar langt var komið kaffidrykkju veitti formaður U.M.S.K. Sigurður Skarphéðinsson árleg verðlaun sambandsins.

1. Íþróttamaður ársins. Guðmundur H. Jónsson Breiðablik.
2. Félagsmálamaður ársins. Steinar Lúðvíksson Breiðablik.
3. Afreksbikar Gests Guðmundssonar. Ásbjörn Sveinsson Breiðabl.
4. Tugþrautarmeistari. Helgi Hauksson Breiðablik.

Var öllum þessum mönnum klappað lof í lófa.

16.00 Kosningar.

Álit kjörnefndar um menn í trúnaðarstöður samþykkt samhljóða.
Sjá þingskjal no. 50.

Uppástunga Ingva Guðmundssonar um kjör í íþróttadómstól:

a) Í aðaldómstól Stefán Þórarinsson Stjörninni.
b) Til vara Ólafur Guðmundsson Gerplu.
Samþykkt samhljóða.

16.30 Önnur mál og stjórnin kvödd.

Hafsteinn Pálsson Aftureldingu Mosfellssveit.

Íþróttanefnd er ekki ánægð með störf sín og telur að of fljótt sé farið yfir þau mál sem fyrir nefndinni lágu.

Þorvarður Áki Eiríksson Handknattleiksfélagi Kópavogs.

Ánægjulegt hefur verið að sitja þetta 50. þing U.M.S.K. og vil ég þakka stjórninni gott og árangursríkt starf síðast liðið ár.

Það er gaman að sjá alla þessa ungu þingfulltrúa sem hér hafa staðið upp og talað og það er óskandi að þegar stjórn U.M.S.K. kallar þá til starfa, þá komi þessir ungu menn og vinni með okkur og leggi sig þá fram. Þorvarður Áki bað síðan formann U.M.S.K. Sigurð Skarphéðinsson að koma upp að ræðupúltinu og veita viðtöku fána H.K. í vináttuskyni.

Sigurður Geirdal tók nú við þingstjórn.

Stefán Ágústsson Gróttu Seltjarnarnesi. 2. þingforseti.

Ég vil þakka samstarf þingfulltrúa og setu á þessu ánægjulega þingi, þá vil ég einnig óska nýrri stjórn U.M.S.K. velfarnaðar og þakka fyrri stjórn fyrir farsæl störf á síðasta ári.

Eysteinn Haraldsson Stjörninni Garðahreppi.

Sú þróun hefur orðið nú undanfarið að fyrirtæki taki á leigu íþróttahúsnæði og er þetta ekki nógu gott gagnvart félögum sem eru með íþróttir á stefnuskrá sinni. Að lokum vil ég óska nýrri stjórn til hamingju og einnig þakka ég fyrir setu á þessu þingi.

Jón Ármann Héðinsson Handknattleiksfélagi Kópavogs.

Jón Ármann gat þess að flókið væri að nýta íþróttahús svo öllum líki, og ekki mega þau mál þróast þannig að fyrirtæki taki þau eingöngu á leigu. Þá vildi hann benda á nýbreytta afstöðu fjölmiðla, þannig að nú mætti t.d. sjónvarp sýna myndir frá íþróttamótum þó að búningar væru merktir með auglýsingum. Þessvegna datt mér í hug að benda félögum

á að reyna að semja um auglýsingar á búninga sína, t.d. gæti ég nefnt til gamans "Drekkið lýsi, frá Lýsi h.f.".

Þá vil ég að lokum þakka fyrir setu á 50. þingi U.M.S.K. og óska ég nýkjörinni stjórn til hamingju.

Steinar Lúðvíksson Breiðabliki Kópavogi, fyrv. varaf. UMSK.

Nú þegar ég geng úr aðalstjórn U.M.S.K. get ég ekki látið hjá líða að þakka fyrir það góða og ánægjulega samstarf sem verið hefur í stjórn U.M.S.K., ég verð að segja að mér hefur verið sérstök ánægja að starfa að öllum þeim fjölmörgu málum, sem við höfum haft með höndum. Við verðum öll að gera okkur grein fyrir því að við verðum að toga vel í árina og vera samtaka, því þá næst árangur.

Páll Aðalsteinsson Aftureldingu Mosfellssveit.

Ég vil aðeins fá tækifæri til að þakka stjórn U.M.S.K. vel unnin störf á síðasta ári, og vil ég biðja formann U.M.S.K. Sigurð Skarphéðinsson að koma og veita viðtöku fána Aftureldingar sem vináttuvott okkar.

Ingvi Guðmundsson Stjörnunni Garðahreppi.

Ég vil aðeins fá tækifæri til að þakka stjórn U.M.S.K. og þá sérstaklega framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf og skilning á þeim málum sem að okkur hafa snúið á síðasta ári og erfitt hefur verið að leysa.

Margrét Bjarnadóttir Gerplu Kópavogi.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka stjórn U.M.S.K. það góða samstarf sem félagið Gerpla hefur verið aðnjótandi. Þá vil ég einnig þakka setu mína sem þingfulltrúi á 50. þingi UMSK. Því miður var fáni okkar ekki tilbúinn en við munum senda U.M.S.K. fána félagsins Gerplu Kópavogi strax og mögulegt er með góðum óskum sambandinu til handa.

Gestur Guðmundsson Breiðabliki Kópavogi.

Ég vil byrja á því að þakka framkvæmdastjóra og formanni fyrir gott starf sem þeir hafa átt í sambandinu, hér er fjölmennt þing og óskandi er að þingfulltrúar beri heim til sinna félaga ferskan og góðan félagsanda, látum hann koma frá 50. afmælisþingi Ungmennasambands Kjalarnesþings.

Þá vil ég færa félaginu Gróttu beztu þakkir fyrir þær móttökur sem við höfum fengið hér, og mæli ég þar fyrir munn allra þingfulltrúa þá má ekki gleyma að þakka sérstaklega Stefáni Ágústssyni fyrir hans störf sem 2. þingforseta ásamt öllum öðrum undirbúningsstörfum hans fyrir þetta þing. Að lokum óska ég samtökunum góðs gengis.

Garðar Óskarsson U.M.F. Skipaskaga Akranesi.

Ég vil þakka fyrir það tækifæri sem mér hefur hlotnast með því að fá að sitja 50. þing U.M.S.K., og mun ég hafa með mér hugmyndir sem hér hefur verið fjallað um til félags

míns á Akranesi. Mögulegt væri að koma á margskonar keppni t.d. í sundi og fleiri greinum.

Karl Rafnsson Ungmennasambandinu Úlfljótur.

Þar sem 50. þingi U.M.S.K.fer senn að ljúka, vil ég lýsa hrifningu minni á þeirri framkvæmd og undirbúning sem hér hefur verið. Starf það sem liggur að baki öllu þessu þinghaldi hlýtur að hafa verið gífurlega mikið. Ég vil svo þakka fyrir setu á þinginu og tel það í alla staði mjög lærdómsríkt, ég vona svo að samstarf geti komist á milli U.M.S.K. og Úlfljóts.

Guðmundur Gíslason framkvæmdastjóri U.M.S.K.

Nokkur atriði vildi ég geta um að lokum. Þingfulltrúar hafa tekið eftir afmælisfánum á borðum, þeir eru á fánastöng og verða seldir eftir þingslit. Þá vil ég benda mönnum á afmælisminnispening U.M.S.K., en þeir hafa verið tvennskonar úr silfri og bronsi, sala þeirra hefur orðið miklu meiri en búist var við og er aðeins lítið upplag eftir, þannig að þeir sem áhuga hefðu á þessum peningum ættu að snúa sér til okkar sem fyrst. Þar sem ég geng nú úr aðalstjórn U.M.S.K. en verð framkvæmdastjóri áfram enn um sinn vil ég nota tækifærið og þakka öllum fyrir gott samstarf í félögunum. Þá vil ég þakka sérstaklega Gesti Guðmyndssyni og Karli Stefánssyni fyrrverandi þjálfara U.M.S.K. fyrir þá aðstoð sem þeir hafa veitt mér í starfinu.

Sigurður Skarphéðinsson formaður U.M.S.K.

Þakklátur er ég því trausti sem mér er sýnt með því að vera kosinn til formanns á ný, aftur mun ég reyna að starfa eins og mér ber gæfa til. Mörg mál eru framundan og mörg verkefni eru óleyst, við verðum því öll að vinna heilsuhugar og vera samstillt í störfum U.M.S.K. Það starfsmerki sem mér var í gær veitt af formanni U.M.F.Í. Hafsteini Þorvaldssyni fyrir vel unnin störf, get ég ekki þakkað mér einum því margir hafa lagt sinn skerf að mörkum.

Mér ber fyrst og fremst að þakka félaginu Gróttu fyrir þær prýðismóttökur sem við höfum notið hér hjá þeim í þessum glæsilegu húsakynnum. Þá á Steinar Lúðvíksson þakkir skilið fyrir hans störf í stjórn U.M.S.K. en hann hefur verið mín hægri hönd í afgreiðslu á þeim margvíslegu málefnum sem við höfum unnið að. Þá vil ég biðja þingfulltrúa utan af landi að bera kveðjur til þeirra heimabyggða frá Ungmennasambandi Kjalarnesþings. Að lokum vænti ég þess að samstarf verði gott áfram eins og hingað til og einnig vænti ég þess að við megum öll starfa áfram af alefli að hagsmunamálum Ungmennasambands Kjalarnesþings.

16.30 Þingslit.

Tillaga hefur komið fram um að þingritarar og þingforsetar gangi frá skýrslu þingsins og þinggerð. Samþykkt.

Sigurður Geirdal 1. þingforseti 50. þings U.M.S.K.

Góðir þingfulltrúar, ég þakka öllum fulltrúum gott þingstarf og einnig þakka ég fyrri stjórn fyrir vel unnin störf, að lokum býð ég nýkjörna stjórn U.M.S.K. velkomna til starfs og óska henni til hamingju með kjörið. Ég óska öllum þingfulltrúum góðrar heimferðar og heimkomu og segi þingið slitið.

50. ársþing U.M.S.K. haldið 18. og 19. nóvember 1972 í Félagsheimili Gróttu Seltjarnarnesi.

Við undirritaðir þingforsetar og þingritarar 50. afmælisþings Ungmennasambands Kjalarnesþings höfum reynt af fremsta megni að skrá sem ýtarlegast atburðarás þingsins, við vonum að þinggerð okkar megi koma að gagni og verða lesendum fróðleiksmolar, við höfum leitast við að ná sem flestum ræðumönnum og þeirra hjartans málum inn í þinggerð okkar.

Væri nú eitthvað það atriði til sem brenglast hefði í meðförum okkar á hinum ýmsu málefnum, biðjumst við velvirðingar, en sé aftur á móti eitthvað í þinggerð sem gæti verið góð heimild eða mikilvægar upplýsingar um Ungmennasamband Kjalarnesþing, þá er það okkur hin mesta gleði að vel skuli hafa til tekist.

Einkum fannst okkur ánægjulegt hve ungu mennirnir voru jákvæðir í málflutningi og tillögugerð og bendir það til þess að sambandið verði ekki á flæðiskeri statt í framtíðinni vegna ónógra starfskrafta, enda var fullt tillit tekið til þeirra sem fullmótaðra manna.

Við reyndum það bezta er gátum við gert
og gott væri til þess að vita,
að allt þetta erfiði einhvers sé vert
þó einhvern það kostaði svita.
Þó glöggt megi finna við gætum það betur
við gerðum það ekki og sjáum hvað setur.
I.G.

1. þingforseti Sigurður Geirdal
2. þingforseti Stefán Ágústsson

1. þingritari Ingvi Guðmundsson
2. þingritari Páll Ól. Pálsson.

Þingskjal nr. 1.

Gestir þingsins:

Gunnlaugur Briem Í.S.Í
Hafsteinn Þorvaldsson formaður U.M.F.Í.
Sigurður Magnússon ritstjóri Íþróttabl.
Þorsteinn Einarsson Íþróttafulltr. ríkisins.

Finnur Ingólfsson U.S.V.S.
Karl Rafnsson U.S.Ú.
Gunnar Árnason U.N.Þ.
Jóhannes Sigmundsson H.S.K.
Garðar Óskarsson U.M.F. Skipaskaga.

Þingskjal nr. 2.

Starfsmenn þingsins:

| | |
|---|---|
| 1. þingforseti | Sigurður Geirdal |
| 2. þingforseti | Stefán Ágústsson |
| 1. þingritari | Ingri Guðmundsson |
| 2. þingritari | Páll Ól. Pálsson |

Þingskjal nr. 3.

Kjörbréfanefnd:

1. Pálmi Gíslason.
2. Páll Aðalsteinsson.
3. Páll Ól. Pálsson.

Þingskjal nr. 4.

Kjörbréfanefnd:

1. Þórir Hallgrímsson.
2. Páll Ól. Pálsson.
3. Jónas Jóhannsson.
4. Þorvarður Áki Eiríksson.
5. Margrét Bjarnadóttir.
6. Páll Aðalsteinsson.
7. Benony Pétursson.
8. Stefán Tryggvason,
9. Ólafur Oddsson.

Þingskjal nr. 5.

Þingfulltrúar samkv. kjörbréfum:

U.M.F. Afturelding:
Gjaldskyldir félagar 160. Fulltr. 8 + 2.

1. Páll Aðalsteinsson, formaður
2. Sigurður Skarphéðinsson, í stjórn U.M.S.K.
3. Georg Magnússon
4. Jón M. Guðmundsson
5. Pétur Þorsteinsson
6. Hafsteinn Pálsson
7. Bjarni S. Jónsson
8. Halldór Frímannsson
9. Steinunn Júlíusdóttir
10. Lárus Jónsson
11. Níels Hermannsson, vara fulltr.

U.M.F. Bessastaðahrepps:
Gjaldskyldir félagar 31. Fulltr. 2 + 2.

1. Jónas Jóhannsson, formaður og í stjórn U.M.S.K.
2. Sólveig Manfreðsdóttir
3. Sveinbjörn Guðmundsson

U.M.F. Breiðablik:
Gjaldskyldir félagar 415. Fulltr. 8 + 2.

1. Þórir Hallgrímsson, formaður
2. Steinar Lúðvíksson, í stjórn U.M.S.K.
3. Pálmi Gíslason
4. Sigurður Geirdal
5. Gestur Guðmundsson
6. Hannes Alfonsson
7. Stefán Stefánsson
8. Kristján Norðdahl
9. Karl Stefánsson
10. Trausti Sveinbjörnsson

U.M.F. Drengur:
Gjaldskyldir félagar 74. Fulltr. 4 + 2.

1. Ólafur Oddsson, formaður
2. Guðmundur Gíslason, í stjórn U.M.S.K.
3. Hulda Þorsteinsdóttir
4. Ragna Lindberg
5. Hreiðar Grímsson

Handknattleiksfélag Kópavogs:
Gjaldskyldir félagar 45. Fulltr. 3 + 2.

1. Þorvarður Áki Eiríksson, formaður og í stjórn U.M.S.K.
2. Jón Ármann Héðinsson
3. Magnús Árnason
4. Sturla Frostason

Íþróttafélagið Gerpla:
Gjaldskyldir félagar 93. Fulltr. 5 + 2.

1. Margrét Bjarnadóttir, formaður og í stjórn U.M.S.K.
2. Þorsteinn Gunnarsson
3. Ólafur Guðmundsson
4. Sólbjört Aðalsteinsdóttir
5. Munda Jóhannsdóttir
6. Hulda Finnbogadóttir

Íþróttafélagið Grótta:
Gjaldskyldir félagar 72. Fulltt.r 4 + 2.

1. Stefán Ágústsson, formaður
2. Benóný Pétursson, í stjórn U.M.S.K.
3. Finnbogi Ólafsson
4. Grétar Vilmundarson
5. Margrét Jónsdóttir

U.M.F. Kjalnesinga:
Gjaldskyldir félagar 42. Fulltr. 3 + 2.

1. Stefán Tryggvason, formaður
2. Grétar Tryggvason
3. Ragnhildur Gísladóttir

U.M.F. Stjarnan:
Gjaldskyldir félagar 64. Fulltr. 4 + 2.

1. Ingvi Guðmundsson, formaður
2. Júlíus Arnarsson, í stjórn U.M.S.K.
3. Páll Ól. Pálsson
4. Eysteinn Haraldsson
5. Stefán Þórarinsson
6. Skúli R. Guðjónsson
7. Þórarinn Sigurðsson, vara fulltr.

Þingskjal nr. 6.

Íþróttanefnd:

Stefán Þórarinsson
Karl Stefánsson
Pálmi Gíslason
Benóný Pétursson
Hulda Finnbogadóttir
Sólbjört Aðalsteinsdóttir
Þorvarður Áki Eiríksson
Jón Guðmundsson
Hafsteinn Pálsson
Stefán Tryggvason
Ragna Lindberg
Níels Hermannsson

Fjárhagsnefnd:

Skúli R. Guðjónsson
Hannes Alfonsson
Þórir Hallgrímsson
Jónas Jóhannsson
Stefán Ágústsson
Munda Jóhannsdóttir
Jón Ármann Héðinsson
Sigurður Skarphéðinsson
Páll Aðalsteinsson
Ólafur Friðriksson
Guðmundur Gíslason

Laga- og skipulagsnefnd:

Páll Ól. Pálsson
Guðmundur Þórðarson
Sigurður Geirdal
Grétar Vilmundarson
Ólafur Guðmundsson
Pétur Þorsteinsson
Bjarni Snæbjörn Jónsson
Hulda Þorsteinsdóttir

Allsherjanefnd:

Eysteinn Haraldsson
Trausti Sveinbjörnsson
Kristján Norðdal
Sveinbjörn Guðmundsson
Margrét Bjarnadóttir
Sturla Frostason
Lárus Jónsson
Steinunn Júlíusdóttir
Grétar Tryggvason
Hreiðar Grímsson

Félagsmálanefnd:

Ingvi Guðmundsson
Stefán Stefánsson
Gestur Guðmundsson
Sólveig Manfreðsdóttir
Finnbogi Ólafsson
Þorsteinn M. Gunnarsson
Magnús Arnarson
Georg Magnússon
Halldór Frímannsson
Ragnhildur Gísladóttir
Ólafur Oddsson

Þingskjal nr. 7.

Tillögur:

50. þing U.M.S.K. lýsir einróma stuðningi við útfærslu landhelginnar. (Alsherjanefnd)

1. Eflum landhelgissjóðinn.
   Tillaga frá íþróttafélaginu Gerplu
   (Alsherjanefnd)

2. 50. þing U.M.S.K. felur sambandsstjórn að koma á námskeiði fyrir "leiðtoga" sem verði tvíþætt þ.e. fyrir stjórnendur og umsjónarmenn útihátíðahalda, öðru lagi stjórnendur íþróttamóta og kappleikja og þá valgrein hvers þáttakanda. (Félagsmálanefnd)

3. 50. þing U.M.S.K. felur sambandsstjórn að vinna að skipulagningu og merkingu gangleiða, t.d. úr Brynjudal til Þingvalla, úr Heiðmörk í Bláfjöll og yfir Svínaskarð. (Ath. fá leyfi einkaaðila). Æskilegt að starfshópar starfsíþrótta ynnu verkið og fengju þeir væntanlega fjárstuðning frá Æ.R.R., Vegagerð ríkisins og e.t.v. víðar. )Íþróttanefnd)

4. 50. þing U.M.S.K. felur sambandsstjórn að veita fræðslu um gildi félagsþroska og tillitssemi í íþrótta og félagshópum sem koma fram í nafni U.M.S.K. (Félagsmálanefnd)

5. 50. þing U.M.S.K. felur sambandsstjórn að stuðla að meiri samskiptum við önnur félög, héraðssambönd og nágrannaþjóðir. (Skipulags- og laganefnd)

6. 50. þing U.M.S.K. skorar á U.M.F.Í. og Í.S.Í. að hefja nú þegar öfluga baráttu gegn notkun tóbaks, áfengis og annara fíkniefna, meðal íþrótta og æskufólks í landinu. (Alsherjanefnd)

7. 50. þing U.M.S.K. skorar á U.M.F.Í. og Í.S.Í. að koma með nýtt og skemmtilegra skýrsluform fyrir ársskýrslu félaganna, sem jafnframt verði samræmt hjá báðum aðilum. (Laga- og Skipulagsnefnd)

8. 50. þing U.M.S.K. skorar á stjórnina að beita sér fyrir meiri og betra samstarfi við skólana á sambandssvæðinu en verið hefur. Samstarfið gæti verið fólgið í því að kynna starfsemi sambandsins og koma ýmiskonar keppnum á milli skóla, sem sambandið sæi um. (Félagsmálanefnd)

9. 50. ársþing U.M.S.K. samþykkir að fela stjórninni að vanda betur til hinna ýmsu frjálsíþróttamóta, sem haldin eru á vegum sambandsins t.d.

a. Héraðsmót í frjálsum íþróttum þar sem allir bestu frjálsíþróttamenn á sambandssvæðinu keppa.

b. Héraðsmót, þar sem gamlir kappar, hættir keppni, og börn og trimmarar keppa. (Íþróttanefnd).

10. 50. ársþing U.M.S.K. samþykkir að fara þess á leit við stjórnina að láta fara fram undankeppni fyrir börn á sambandssvæðinu í þeim greinum, sem keppt er í á Andrésar Andar leikunum og þríþraut F.R.Í. (Íþróttanefnd)

11. 50. ársþing U.M.S.K. felur stjórninni að láta gera samræmd félagsskírteini handa félögunum innan U.M.S.K. Greinagerð: Telja verður æskilegt að hver félagsmaður fái frá sínu félagi skírteini er sýni að viðkomandi hafi greitt félagsgjöld sín. Einnig má ætla að slíkt skírteini auki félagskennd viðkomandi gagnvart sínu félagi, einkum ef skírteinið verður látið hafa eitthvert gildi svo sem við aðgang að félagsskemmtunum, æfingum ofl. Einnig má telja að U.M.S.K. geti náð samningum við þjónustu og verzlunarfyrirtæki t.d. sportvöruverzlanir um afslátt til handa þeim er geta framvísað félagsskírteini: (Fjárhagsnefnd)

12. 50. sambandsþing U.M.S.K. samþykkir að eftirleiðis skuli fulltrúum frá fjórum sambandsaðilum U.M.F.Í. og Í.S.Í. boðið á þing sambandsins. Skal fara fram útdráttur um það hvaða samböndum verði fyrir valinu hverju sinni, þannig að hverju sinni verði boðið einum úr hverjum landshluta. Samstarf sambanda á félagslega sviðinu er of lítið. Það hefur komið fram á þingum ýmissa héraðssambanda. (Laga- og skipulagsnefnd)

13. 50. sambandsþing U.M.S.K. felur stjórninni að koma á fimleikanámskeiðum á sambandssvæðinu, til að auka áhuga ungmenna á þessari gull fallegu íþrótt og efla líkamsrækt ungmenna. Ath. ber að stutt námskeið mundu nægja til að byrja með. (Íþróttanefnd)

14. 50. ársþing U.M.S.K. samþykkir að fela stjórninni að leita eftir samstarfi við sveitarstjórnir á sambandssvæðinu um rekstur á íþróttamiðstöð (þ.e. ungmenna- og æfingabúðir) á Varmá eða öðrum heppilegum stað. Greinagerð: Þar sem sambandssvæðið er mjög þéttbýlt (20. þús. íbúar) má ætla að yfir sumartímann vanti viðfangsefni fyrir tiltekinn hóp barna og unglinga og verður að telja það vandamál sveitarfélaganna. (Fjárhagsnefnd)

framhald,næstu síðu.

Þar gætu ungmennabúðir leyst vandann. Einnig verður að álíta að það sé keppikefli sveitarstjórnanna að skapa unga fólkinu sem bezta aðstöðu til íþróttaiðkana, og þar kemur íþróttamiðstöð inn í myndina.

15. 50. ársþing U.M.S.K. samþykkir að beina þeirri áskorun til allra félaga sinna innan sambandsins að þau noti sömu liti á utanyfir íþróttafatnaði (íþróttagöllum) og U.M.S.K. hefur notað, það er rauð blússa með svörtum kraga og líningum og svartar buxur.
Einnig að merking skuli vera þannig að á baki standi í boga nafn félagsis en undir standi U.M.S.K.
Að framan á blússu megi hafa félagsmerki.
(Alsherjanefnd)

16. 50. ársþing U.M.S.K. beinir því til stjórnar U.M.S.K. að kanna möguleika á að efna til hópferðar íþróttaflokka á sem breiðustum grundvelli innanlands eða út fyrir landsteinana í líkingu við ferðir U.M.S.K. á landsmót. (Fjárhagsnefnd)

17. 50. ársþing U.M.S.K. þakkar sveitarstjórn og forráðamönnum skólamannvirkja í Mosfellssveit fyrir veitta fyrirgreiðslu vegna reksturs íþróttamiðstöðvar á síðasta sumri. (Alsherjanefnd)

18. 50. ársþing U.M.S.K. bendir sveitar- og bæjarstjórnum á mikilvægi starfa stjórna og sér í lagi formanna í ungmenna- og íþróttafélögum að uppbyggingu félagsstarfsemi í þjóðfélaginu. (Alsherjanefnd)

19. 50. ársþing U.M.S.K. samþykkir að hefja öflugan róður að uppbyggingu íþróttastarfsemi fyrir fatlað fólk í samráði við félagasamtök þessa fólks.
(Félagsmálanefnd)

20. 50. ársþing U.M.S.K. samþykkir að veita stjórninni umboð til að velja fulltrúa á þing Í.S.Í. og sérsambanda þess annarra en þingið kýs.
(kjörnefnd)

Þingskjal nr. 8.

Allsherjarnefnd:

x Eysteinn Haraldsson
x Trausti Sveinbjörnsson
x Kristján Norðdal
  Sveinbjörn Guðmundsson
x Margrét Jónsdóttir
x Margrét Bjarnadóttir
  Sturla Frostason
x Lárus Jónsson
x Steinunn Júlíusdóttir
x Grétar Tryggvason
x Hreiðar Grímsson

x = mætt

Fjárhagsnefnd:

x Skúli Guðjónsson
x Hannes Alfonsson
  Þórir Hallgrímsson
  Jónas Hallgrímsson
x Stefán Ágústsson
  Munda Jóhannsdóttir
  Jón Ármann Héðinsson
x Sigurður Skarphéðinsson
x Páll Aðalsteinsson
  Ólafur Friðriksson
x Guðmundur Gíslason

x = mætt

Laga- og Skipulagsnefnd:

x Páll Ól. Pálsson
  Guðmundur Þórðarson
x Sigurður Geirdal
  Grétar Vilmundarson
x Ólafur Guðmundsson
  Pétur Þorsteinsson
x Bjarni Snæbjörn Jónsson
x Hulda Þorsteinsdóttir

x = mætt

Íþróttanefnd:

x Stefán Þórarinsson
x Karl Stefánsson
x Pálmi Gíslason
x Benóný Pétursson

x Hulda Finnbotadóttir
x Sólbjört Aðalsteinsdóttir
x Þorvarður Áki Eiríksson
x Níels Hermannsson
x Hafsteinn Pálsson
x Stefán Tryggvason
Ragna Lindberg

x = mætt

Félagsmálanefnd:

x Ingvi Guðmundsson
x Stefán Stefánsson
x Gestur Guðmundsson
Sólveig Manfreðsdóttir
x Finnbogi Ólafsson
x Þorsteinn M. Gunnarsson
Magni Arnarson
x Georg Magnússon
x Halldór Frímannsson
Ragnhildur Gísladóttir
x Ólafur Oddsson
x Guðlaugur Einarsson

Þingskjal nr. 9.

5. 50. þing U.M.S.K. felur sambandsstjórn að stuðla að meiri samskiptum við önnur **félög** - og héraðssambönd og nágrannaþjóðir.

Þingskjal nr. 10.

7. 50 þing U.M.S.K. skorar á U.M.F.Í, og Í.S.Í. að koma með nýtt og skemmtilegra skýrsluform fyrir ársskýrslu félaganna, sem jafnframt verði samræmt hjá báðum aðilum.

Þingskjal nr. 11.

12. 50. sambandsþing U.M.S.K. samþykkir að eftirleiðis skuli fulltrúum frá fjórum sambandsaðilum U.M.F.Í. og Í.S.Í. boðið á þing sambandsins. Skal fara fram útdráttur um það hvaða samböndum verði fyrir valinu hverju sinni, þannig að hverju sinni verði boðið einum úr hverjum landshluta. Samstarf sambanda á félagslega sviðinu er of lítið. Það hefur komið fram á þingum **ýmissa** héraðssambanda.

Þingskjal 12.

21. Tillaga til laganefndar:

Full ástæða finnst mér til, að endurskipulagt verði kerfi það, sem gildir um kjör fulltrúa á sambandsþing U.M.S.K. Þykir mér hlýta að breytt verði kerfi því, sem nú gildir í lýðræðis átt, þannig að nákvæmlega jafn margir fulltrúar sæki þingin frá hverju félagi innan sambandsins. Fækka eigi fulltrúum (hámarkstölu) í 4 + formann (og fulltrúa í stjórn)U.M.S.K.), fyrir hvert félag innan sambandsins. Þykir mér þetta eðlileg tala þar sem nefndir, sem starfa á þinginu eru 5 að tölu. Ætti þetta að einfalda störf þingsins og e.t.v. minnka kostnað við þinghaldið.

Sveinbjörn Guðmundsson.

Nefndin tekur ekki afstöðu til tillögunnar efnislega og leggur hana því óbreitta fyrir þingið til umræðu. Nefndin telur hinsvegar að heppilegasta afgreiðsla tillögunnar væri, að vísa henni til stjórnar sambandsins til athugunar, og skili stjórnin síðan umsögn sinni um hana til næsta þings. - Vísað til stjórnar.

þingskjal nr. 13.

22. Breyting við 7 gr. laga U.M.S.K.

Formaður skal kosinn sérstaklega og síðan helmingur meðstjórnar til tveggja ára í senn kosnir í einu lagi og skipta þeir síðan með sér verkum.

Þingskjal nr. 14.

50. þing U.M.S.K. felur sambandsstjórn að gefa út jólakort eða póstkort til ágóða fyrir landhelgissjóð. þar sem sjóður sambandsins hefur ekki fjármagn til að gefa til landhelgissjóðs þá má telja eðlilegt að farin verði sú leið að gefa út jólakort, eða póstkort t.d. teiknað af Halldóri Péturssyni eða öðrum færum teiknara.

Margrét Bjarnadóttir
Þorsteinn M. Gunnarsson
Ólafur Guðmundsson.

Þingskjal nr. 15.

50. þing U.M.S.K. leggur til að gefin verði út jólakort og plattar til fjáröflunar fyrir sambandið

Hafsteinn Pálsson

Þingskjal nr. 16.

11. 50. ársþing U.M.S.K. felur stjórninni að láta gera samræmd félagsskírteini handa félögunum innan U.M.S.K. Greinagerð. Telja verður æskilegt að hver félagsmaður fái frá sínu félagi skírteini er sýni að viðkomandi hafi greitt félagsgjöld sín. Einnig má ætla að slíkt skírteini auki félagskennd viðkomandi gagnvart sínu félagi, einkum ef skírteinið verður látið hafa eitthvert gildi svo sem við aðgang að félagsskemmtunum, æfingum o.fl. Einnig má telja að U.M.S.K. geti náð samningum við þjónustu og verzlunarfyrirtæki t.d. sportvöruverzlanir um afslátt til handa þeim er geta framvísað félagsskírteini.

Þingskjal nr. 17.

14. 50. ársþing U.M.S.K. samþykkir að fela stjórninni að leita eftir samstarfi við sveitarstjórnir á sambandssvæðinu um rekstur á íþróttamiðstöð (þ.e. ungmenna- og æfingabúðir) á Varmá eða öðrum heppilegum stað.
Greinagerð: Þar sem sambandssvæðið er mjög þéttbýlt (20 þús. íbúar) má ætla að yfir sumartímann vanti viðfangsefni fyrir tiltekinn hóp barna og unglinga, og verður að telja það vandamál sveitarfélaganna. Þar gætu ungmennabúðir leyst vandann. Einnig verður að álíta að það sé keppikefli sveitarstjórnanna, að skapa unga fólkinu sem besta aðstöðu til íþróttaiðkana, og þar kemur íþróttamiðstöð inn í myndina.

Þingskjal nr. 18.

16. 50. ársþing U.M.S.K. beinir því til stjórnar U.M.S.K. að kanna möguleika á að efna til hópferðar íþróttaflokka á sem breiðustum grundvelli innanlands eða út fyrir landsteinana í líkingu við ferðir U.M.S.K. á landsmót.

Þingskjal nr. 19.

50. ársþing U.M.S.K. þakkar veittan fjárstuðning frá sjóðum Kjósarsýslu, Gullbringusýslu, hreppa og bæjarfélaga auk Í.S.Í. og U.M.F.Í. á síðasta starfsári.

Þingskjal nr. 20.

50. ársþing U.M.S.K. samþykki ráðningu framkvæmdastjóra í fullt starf allt árið.

Þingskjal nr. 21.

50. þing U.M.S.K. samþykkir að gefa kr. 5,000.oo í landhelgissjóðinn.

Tillaga felld 12:19.

Þingskjal nr. 22.

Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár 1972-73.

Gjöld:

Stjórnarkostnaður:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | laun | kr. | 550.000.oo |
| 2. | aksturskostnaður | - | 120.000.oo |
| 3. | sími og burðargj. | - | 25.000.oo |
| 4. | húsnæði | - | 40.000.oo |
| 5. | ritföng, pappír og fl. | - | 35.000.oo |
| 6. | þinggjald | - | 20.000.oo |
| 7. | lífeyrissjóður | - | 25.000.oo |
| 8. | ýmis kostnaður | - | 20.000.oo |
| | | kr. | 835.000.oo |

Íþróttir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | verðlaun | kr. | 50.000.oo |
| 2. | húsaleiga | - | 15.000.oo |
| 3. | ýmislegt | - | 50.000.oo |
| | | kr. | 115.000.oo |
| | Þáttökutekjur | - | 30.000.oo |
| | | kr. | 85.000.oo |
| | Annar kostnaður | - | 50.000.oo |
| | | kr. | 1070,000.oo |

Þingskjal nr. 22.

Tekjur:

Skattar.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Skattar félaga 73 | kr. | 35.000.oo | |
| 2. | skattar til Í.S.Í & UMFÍ | - | 15.000.oo | 20,000.oo |

Styrkir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Tekjur U.M.S.K. af kennslustyrk | kr. | 6,000.oo |
| 2 | Frá ýmsum aðilum sk. skrá í ársk. 72. | - | 835,000.oo |
| | Getraunir | - | 50,000.oo |
| | Ýmsar tekjur | - | 159.000.oo |
| | | kr. | 1070,000.oo |

Ætlast er til að Íþróttamiðstöð standi undir sér.

Þingskjal nr. 23.

2. 50. þing U.M.S.K. felur sambansstjórn að koma á námskeiði fyrir "leiðtoga", sem verði tvíþætt þ.e. fyrir stjórnendur og umsjónarmenn útihátíðahalda, öðru lagi stjórnendur íþróttamóta og kappleikja og þá valgrein hvers þáttakanda.

Þingskjal nr. 24.

4. 50 þing U.M.S.K. felur sambandsstjórn að veita fræðslu um gildi félagsþroska og tillitssemi í íþrótta og félagshópum sem koma fram í nafni U.M.S.K.

Þingskjal nr. 25.

8. 50. þing U.M.S.K. skorar á stjórnina að beita sér fyrir meiri og betra samstarfi við skólana á sambandssvæðinu en verið hefur. Samstarfið gæti verið fólgið í því að kynna starfsemi sambandsins og koma ýmiskonar keppnum á, milli skóla, sem sambandið sæi um.

Þingskjal nr. 26.

19. 50. ársþing U.M.S.K. samþykkir að hefja öflugan róður að uppbyggingu íþróttastarfsemi fyrir fatlað fólk í samráði við félagasamtök þessa fólks.

Þingskjal nr. 27.

50. þing U.M.S.K. beinir því til aðildarféla sambandsins

að koma á meiri kynningu sín á milli, t.d. með fundarhöldum, skemmti- og íþróttaferðum.

Félagsmálanefnd.

## Þingskjal nr. 28.

50. þing UMSK beinir því til sambandsstjórnar, að koma á alhliða dómarafélagi á sambandssvæðinu hið fyrsta.

Félagsmálanefnd.

## Þingskjal nr. 29.

50. sambandsþing U.M.S.K. felur sambandsstjórn að koma á spurningakeppni.

Felld 8:11 — Ingvi Guðmundsson.

## Þingskjal nr. 30.

Tillaga að samþykkt.

50. þing U.M.S.K. haldið 19. nóvember 1972 fagnar útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur 1. september s.l.

Þingið skorar á stjórnvöld að verja hina nýju lögsögu af festu, þannig að um raunverulega friðun fiskimiðanna verði að ræða.

Þingið telur að því aðeins sé mögulegt að semja við aðrar þjóðir um veiðar innan fiskveiðilögsögunnar að:

1. Samningurinn sé til stutts tíma.
2. Veiðiheimildir séu takmarkaðar við ákveðin svæði á ákveðnum tíma og takmarkaða stærð og fjölda skipa.
3. Viðurkennd sé yfirráð Íslendinga yfir fiskveiðilögsögunni.

Þingið telur, að ekki eigi að ræða samninga við neina þjóð sem ekki virðir, meðan á samningum stendur, fiskveiðilögsöguna.

Þingið hvetur til órofa samstöðu allra Íslendinga í þessu máli og heitir stjórnvöldum fullum stuðningi í hverjum þeim aðgerðum, er tryggja mega framgang þess.

Ólafur Guðmundsson

Samþykkt breytt sjá þingskjal 31.

Þingskjal nr. 31.

50. þing U.M.S.K. haldið 19. nóvember 1972 fagnar útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur 1. sept. s.l.

Þingið skorar á stjórnvöld að verja hina nýju lögsögu af festu, þannig að um raunverulega friðun fiskimiðanna verði að ræða.

Þingið hvetur til órofa samstöðu allra Íslendinga í þessu máli og heitir stjórnvöldum fullum stuðningi í hverjum þeim aðgerðum, er tryggja mega framgang þess.

Þingskjal nr. 32.

50. þing U.M.S.K. skorar á stjórnvöld að stórefla baráttu gegn fíkniefnum með fræðslu í fjölmiðlum og gæzlu um allt land.

Þingskjal nr. 33.

50. þing U.M.S.K. skorar á stjórn U.M.S.K. að hefja nú þegar raunhæfar aðgerðir í fíkniefnavandamálinu.
Í þessu sambandi mætti benda á stofnun starfshópa þekktra íþrótta- og félagsmanna er færu í skóla og héldu uppi áróðri gegn efnum þessum.

Þingskjal nr. 34.

50. þing U.M.S.K. skorar á U.M.F.Í. og Í.S.Í. að hefja nú þegar öfluga baráttu gegn notkun tóbaks, áfengis og annara fíkniefna, meðal íþrótta og æskufólks í landinu.

Steinar Lúðvíksson.

Þingskjal nr. 35.

50. þing U.M.S.K. samþykkir að beina þeirri áskorun til allra félaga sinna innan sambandssins að þau noti sömu liti á utanyfir íþróttafatnaði (Íþróttagöllum) og UMSK hefur notað, það er rauð blússa með svörtum kraga og líningum og svartar buxur. Einnig að merking skuli vera þannig að á baki standi í boga nafn félags en undir standi U.M.S.K. Að framan á blússu megi hafa félagsmerki.

Þingskjal nr. 36.

50. ársþing U.M.S.K. þakkar sveitarstjórn og forráðamönnum skólamannvirkja í Mosfellssveit fyrir veitta fyrirgreiðslu vegna reksturs íþróttamiðstöðvar á síðasta sumri.

Þingskjal nr. 37.

50. ársþing U.M.S.K. bendir sveitar- og bæjarstjórnum á mikilvægi starfa stjórna og sér í lagi formanna í ungmenna og íþróttafélögum að uppbyggingu félagsstarfsemi í þjóðfélaginu.

Þingskjal nr. 38.

50. þing U.M.S.K. felur sambandsstjórn að vinna að skipulagningu og merkingu göngu, t.d. úr Brynjudal til Þingvalla, úr Heiðmörk í Bláfjöll og yfir Svínaskarð. (Ath fá leyfi einkaaðila). Æskilegt að starfshópar starfsíþrótta ynnu verkið og fengju þeir væntanlega fjárstuðning frá Æ.R.R., Vegagerð ríkisins, og e.t.v. víðar.

Þingskjal nr. 39.

50. ársþing U.M.S.K. samþykkir að fela stjórninni að vanda betur til hinna ýmsu frjálsíþróttamóta, sem haldin eru á vegum sambandsins t.d. haldið verði áfram með B-mót og víðtækari aldursflokkakeppni barna og unglinga á vegum U.M.S.K.

Þingskjal nr. 40.

50. þing U.M.S.K. beinir því til stjórnar að koma á sundkeppni við önnur héraðssambönd.

Þingskjal nr. 41.

50. þing U.M.S.K. skorar á stjórn K.SÍ. að mótaskrá verði gefin út í síðasta lagi í byrjun apríl.

Þingskjal nr. 42.

50. ársþing U.M.S.K. samþykkir að kjósa framvegis íþróttamann Ú.M.S.K. 16 ára og yngri og annars vegar 17 ára og eldri, einnig verði veitt viðurkenning, bezta íþróttahópi ársins innan U.M.S.K.

Guðmundur Gíslason

50. þing U.M.S.K. samþykkir að framvegis verði bæði kosin íþróttakarl og kona U.M.S.K. og lagt er til að tveir fulltrúar verði kosnir úr stjórn hvers félags ásamt formanni og framkvæmdastjóra U.M.S.K. kjósi þau.

Þingskjal nr. 43.

50. þing U.M.S.K. samþykkir að bæði pilta- og stúlknaflokkar taki þátt í víðavangshlaupi skóla.

Þingskjal nr. 44.

50. þing U.M.S.K. samþykkir að haldið verði áfram á sömu braut í sumarbúðamálum eins og mörkuð hefur verið.

Þingskjal nr.45.

50. sambandsþing U.M.S.K. felur stjórninni að koma á fimleikanámskeiðum á sambandssvæðinu, til að auka áhuga ungmenna á þessari gull fallegu íþrótt og efla líkamsrækt ungmenna. Ath. ber að stutt námskeið mundu nægja til að byrja með.

Þingskjal nr. 46.

50. þing U.M.S.K. beinir þeim tilmælum til stjórnar UMSK að taka til gagngerðar endurskoðunar val á keppnisgreinum starfsíþrótta og skipulag starfsíþróttakeppni.
Einnig er því beint til stjórnar U.M.F.Í. að haldið verði árleg starfsíþróttalandsmót.

Þingskjal nr. 47.

Knattleikjamót verði gerð veglegri en verið hefur.

Þingskjal nr. 48.

Komið verði á glímumóti innan U.M.S.K.

Þingskjal nr. 49.

Tillaga um íþróttasamband við Norðurlandsþjóðirnar.
Nauðsynlegt er að koma á íþróttasambandi við hin Norðurlöndin og skapa þannig keppni, kynningu og reynslu fyrir aðildarfélög U.M.S.K., komið gæti til greina þáttaka í landsmótum eða borgarkeppni og væri þá hafður í huga stór hópur íþróttafólks t.d. gott knattspyrnulið og handknattleikslið, hópur frjálsíþróttafólks og sundfólks og aðrar þær greinar íþrótta sem iðkaðar eru innan U.M.S.K.
Skipting kostnaðar gæti verið:
Bæjarfélag ( 1 hluta) U.M.S.K. (1 hluta) Félag (1hluta)
Einstaklingur (1 hluta).

Ódýrt húsnæði erlendis og flugfargjald með afslætti.

Samskipti við héraðssambönd: Möguleiki væri að hafa þann hátt á að það væri knattleikur frjálsar íþróttir og sund.

Þingskjal nr. 50.

Álit kjörnefndar:

Stjórn.

| | | |
|---|---|---|
| Formaður | Sigurður Skarphéðinsson | Aft. |
| meðstj. | Pálmi Gíslason | Breiðabl. |
| | Grétar Tryggvason | Kjal. |
| | Ólafur Oddsson | Dreng |
| | Hulda Finnbogadóttir | Gerplu |
| | Finnbogi Ólafsson | Gróttu |
| | Jónas Jóhannsson | Bess. |
| | Páll Ól. Pálsson | Stj. |
| varaform. | Þorvarður Á. Eiríksson | H.K. |
| varastjórn | Hafsteinn Pálsson | Aft. |
| | Steinar Lúðvíksson | U.B.K. |
| | Ólafur Friðriksson | Kjal. |
| | Guðmundur Gíslason | Dreng |
| | Sveina Sveinbjörnsdóttir | Gerplu |
| | Benóný Pétursson | Gróttu |
| | Sveinbjörn Guðmundsson | Bess. |
| | Eysteinn Haraldsson | Stj. |
| | Jón Á. Héðinsson | H.K. |
| Endurskoðendur | Magnús Bjarnason | Gerplu |
| | Álfþór Jóhannsson | Gróttu |
| vara | Ármann Pétursson | Bess. |
| | Sigurjón Valdimarsson | Kóp. |

Fulltrúar á ársþing F.R.Í. 1972.

1. Páll Ól. Pálsson
2. Hafsteinn Pálsson
3. Trausti Sveinbjörnsson
4. Karl Stefánsson

vara:
1. Pálmi Jakobsson
2. Sigurður Geirdal
3. Þorkell Jóelsson
4. Ingimar Jónsson

Þingskjal nr. 51.

Íþróttadómstóll:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Stefán Ágústsson | Gróttu. |
| 2. | Tómas Lárusson | Aftureld. |
| 3. | Stefán Þórarinsson | Stjörnunni. |

vara:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Þórir Hallgrímsson | Breiðabl. |
| 2. | Steinar Ólafsson | Dreng. |
| 3. | Ólafur Guðmundsson | Gerplu. |